

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um stækkun verslunarlóðarinnar í Siglufjarðarverslunarstað. 97

14. ágúst

Með brjefi, dags. 7. f. m., hafið þjer, herra sýslumaður, sent hingað tillögur sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu um stækkun verslunarlóðarinnar í Siglufjarðarverslunarstað ásamt uppdrætti af hinni fyrirhuguðu viðbót við núverandi verslunarlóð.

Útaf þessu er hjer með samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, ákveðið, að í viðbót við verslunarlóð þá á Siglufirði, sem ákveðin er með brjefi stjórnarráðsins, dags. 19. maí 1911, komi lóð austan við Siglufjarðarhöfn í Staðarhóls- og Ráeyrarlandi, sem reisa má á verslunarhús, og eru takmörk þeirrar lóðar sett eftir framangreindum tillögum og uppdrætti svo sem hjer segir:

Að norðan svonefndur Rjómalækur rjett sunnan við túnið á Staðarhóli. Að sunnan svonefnd Skútuá. Að vestan höfnin. Að austan lína sem er fimmtíu fððmum ofar en stórstraumsflóðmál.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framannefnda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppsjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verslunarlóðar þessarar, þar sem þau eru ekki glögg áf náttúrunnar hendi.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um takmörk verslunarlóðarinnar í Klettsvík í Fróðárhreppi. 98

15. sept.

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 23. júní þ. á., hafa hingað borist tillögur sýslunefndar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um takmörk verslunarlóðarinnar í Klettsvík í Fróðárhreppi, sem með lögum nr. 47, 30. júlí 1909, varð löggiltur verslunarstaður, ásamt tillögum hreppsnefndar Fróðárhrepps viðvíkjandi hinni fyrirhuguðu verslunarlóð og uppdrætti af henni.

Útaf þessu er hjer með svæði það, sem reisa má á verslunarhús í Klettsvík, sett eftir framangreindum tillögum og uppdrætti, sem hjer segir:

Frá svonefndu Samkomuhúsi í landi Brimilsvalla inn að Bakkabúð, 380 metrar í land upp frá stórstraumsflæðarmáli og 440 metrar á lengd.

Jafnframt því að tjá yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framannefnda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja og halda við á kostnað hreppsjóðs glöggum merkjum á takmörkum verslunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.